

Na.

60. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 1, 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson, Jón Ólafsson, Magnús Torfason.

1. gr.

Síðustu málsgr. 1. gr. skal orða svo:

Hjáleigu má ekki leggja undir heimajörðina eða til annarar hjáleigu hennar, nema sveitarstjórn samþykki.

2. gr.

Í stað síðustu málsgr. 2. gr. komi:

Ekkja heldur ábúðarrjetti manns síns, sömuleiðis börn og fósturbörn ábúanda að honum látnum. Þó getur eigandi jarðar tekið hana til ábúðar handa sjálfum sjer, börnum eða fósturbörnum sínum, ef ekkja giftist aftur eða börn leiguliða hafa tekið jörðina til ábúðar, án þess þau hafi fengið byggingarbrjef fyrir henni, ella fer um ábúðarrjett þeirra samkvæmt því brjefi.

Fái ekkja, er giftst hefir aftur, ekki byggingarbrjef fyrir jörðinni innan eins árs, eða börn eða fósturbörn, frá því er ábúandi ljest, skal svo á lita, sem ekkjan eða barnið hafi fengið æfilanga byggingu fyrir jörðinni, nema landsdrottinn sanni, að öðruvisi hafi verið um samið.

3. gr.

12. gr. skal orða svo:

Ábúandi skal hafa öll leiguliðanot af jörð sinni, en það eru leiguliðanot, að hann hafi til notkunar fyrir sjálfan sig hús og mannvirki, innstæðukúgildi og alt, sem því leigulandi fylgir. Þó er jarðareiganda heimilt, ef hann er búsettur innan sömu sýslu, að afla sjálfum sjer heyja handa fjenaði sínum af jörð, er hann leigir öðrum, enda sje þá tiltekið í byggingarbrjefi leiguliða, hvað margra hesta heys hann vill afla ár hvert eða hvaða engjastykki hann ætlar sjer til eigin nota.

Jarðareigandi eða umráðamaður jarðar, búsettur utan þeirrar sýslu, sem jörð er í, má ekki, án samþykkis viðkomandi sveitarstjórnar, flytja hey af jörðu, hvort sem jörðin er öðrum bygð eða ekki. Sömuleiðis er óheimilt, án samþykkis viðkomandi sveitarstjórnar, að selja eða flytja hey af jörðu, sem er í sjálfsábúð, nema eigandi innan sýslu ætli það fjenaði sínum.

Öll hlunnindi, er fylgt hafa jörðu hjer til (sjá þó 14. gr.), fylgja henni

framvegis, svo sem lax- og silungsveiði, selveiði, eggver, itök hverskonar o. s. frv.

Nú er leiguliðarjettur brotinn, og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir eigi, á landsdrottinn sókn þess máls, enda skal leiguliði gera landsdrottni aðvart, er leiguliðarjettur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir það mál eða ekki.

1. gr.

Aftan við 20. gr. bætist:

Heimilt er leiguliða að gera votheysgryfju og áburðarhús á leigujörð sinni. Sjeu þessi mannvirki gerð úr varanlegu efni (steinsteypu). Skal leiguliði fá þau greidd eftir mati úttektarmanna, er hann flytur frá jörðinni. Þó skal honum aldrei greitt meira fyrir þau en þau hafa kostað hann í fyrstu, að frá dreginni hæfilegri fyrningu.

5. gr.

Öll lagaákvæði, er koma í hága við þessi lög, eru úr gildi numin.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögin um ábúð, bygging og úttekt jarða eru yfir 40 ára gömul. Þó að lögin að mörgu leyti væru allgóð, er þau voru sett, þá hefir síðan ýmislegt í búnaðarháttum vorum breyst svo mikið, að brýn þörf er á nýjum lagaákvæðum um þetta efni og breyting á þeim, sem fyrir eru.

Oss er það ljóst, að þó að þessar breytingar á lögnum verði samþykktar, þá vantar mikið á, að lögin um þetta efni sjeu eins og þau ættu að vera, en með þessu er ráðin nokkur bót á ýmsum stærstu agnóum, sem á gildandi lögum eru og sem ekki má skjóta á frest. Þannig er t. d. um rjettindi barna eða fósturbarna ábúanda að honum látnum, að til þess að fá jörð til ábúðar samkvæmt gildandi lögum hafa þau engu meiri rjett heldur en hver annar. Engar skorður eru nú við því reistar, að menn leggi hjáleigu undir heimajörð eða til annarar hjáleigu, og er það afaróheppilegt og hefir oft orðið til tjóns, bæði sveitarfjelagi og einstakling.

Þá er og alt of greitt fyrir menn með að flytja hey af jörðu og svifta jarðir hlunnindum.

Verði þessi breyting á lögnum samþykkt, verða nokkrar hömlur lagðar á þetta, en samt alls ekki meiri en fyllsta ástæða er til.

Mörgu fleiru í ábúðarlögnum þyrfti að breyta, en þar sem ætla má, að skamt verði þess að biða, að landbúnaðarlöggjöfin verði öll tekin til rækilegrar endurskoðunar, og lögin um þetta ekki síst, þá er því slept að fara fram á frekari breyting að þessu sinni.